

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. desember 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-34/2013:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 5. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að gerðar verði úrbætur á bifreiðinni, honum að kostnaðarlausu, en álitsbeiðandi telur m.a. að viðgerð sem fyrri eigandi lét framkvæma á bifreiðinni, hafi verið haldin galla.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 8. apríl sl., gaf kæruneftndin seljanda bifreiðarinnar, auk þess aðila er framkvæmd viðgerð á bifreiðinni, kost á andsvörum. Engin andsvör bárust frá seljanda, en viðgerðaraðili skilaði andsvörum hinn 26. apríl. Með bréfi, dags. 30. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvör viðgerðaraðilans og bárust þær hinn 27. maí. Með bréfi, dags. 31. maí var viðgerðaraðilanum gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum fékk frest til þess til 14. júní. Fékk seljandi bifreiðarinnar afrit af öllum samskiptum álitsbeiðanda og viðgerðaraðilans, en gerði engar athugasemdir við þær. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu, kemur fram að hinn 16. febrúar 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 940.000. Var bifreiðin af gerðinni Audi A4 Quattro, árgerð 2002, fyrst skráð hinn 3. mars 2005 og hafði við kaupin verið ekið 132.000 km. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi komið fram að bifreiðin væri nýbúin í viðgerð fyrir kr. 400.000 þar sem skipt hafi verið um „hedd“ í vél, tímareim, tímakedja og tímakedjustrekkjara. Skömmu eftir kaupin hafi hins vegar komið í ljós að umrædd viðgerð var ekki fullnægjandi en olía lak frá tímakedjustrekkjara. Fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði Z sem hafði framkvæmd áður nefnda viðgerð í desember 2012 og fór fram á að gert yrði við þennan galla á fyrri viðgerðinni, án þess að álitsbeiðandi þyrfti að greiða fyrir þá viðgerð. Hafnaði verkstæðið að verða við þeim kröfum, m.a. á þeim forsendum að aðeins væri árs ábyrgð á varahlutum frá því verkstæðið sjálf keypti þá, en einnig vegna þess að verkstæðið hefði alls ekki selt fyrri eiganda bifreiðarinnar varahluti, heldur aðeins haft milligöngu um þau kaup, en þó séð um viðgerðina sjálfa. Álitsbeiðandi telur þessar fullyrðingar viðgerðaraðilans vart standast og bendir m.a. á að seljandi bifreiðarinnar fullyrði að hann hafi keypt varahlutina ásamt vinnu af umræddu verkstæði. Auk þess að kvarta undan fyrrgreindri viðgerð gerir álitsbeiðandi athugasemdir við að bifreiðin hafi verið seld honum á misstórum hjólbörðum, en hann hafi nú keypt nýja hjólbarða undir bifreiðina. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi eða fyrrneftndur viðgerðaraðili láti lagfæra olíuleka í vél bifreiðarinnar og skipti um gallaða varahluti. Virðist álitsbeiðandi enga kröfu gera vegna hjólbarða.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er kaupsamningur og afsal, dags. 16. febrúar 2013, reikningur frá viðgerðaraðila vegna umræddrar viðgerðar, dags. 14. desember 2012, að fjárhæð kr. 351.158 og reikningur frá öðru verkstæði, dags. 25. mars sl., að fjárhæð kr. 12.343.

#### IV

##### **Andsvör viðgerðaraðila**

Í andsvörum viðgerðaraðila kemur fram að viðgerðaraðili hafi fjarlægt „hedd“, tímakedju, tímareim og tímakedjustrekkjara úr vél bifreiðarinnar 00-xxx og sett í vélina nýja varahluti. Pakkningu undir tímakedjustrekkjara hafi einnig verið skipt út vegna þess að þar leit út fyrir að vera leki til staðar. Enginn leki hafi átt sér stað vegna þeirrar útskiptingar. Hins vegar segir viðgerðaraðili að við frekari athugun hafi komið í ljós að olíuleki í vélinni átti rætur að rekja til læsiskúlu í olíurás í tímakedjustrekkjaranum. Sá leki eigi sér stað vegna framleiðslugalla í tímakedjustrekkjaranum, en á honum segist viðgerðaraðili ekki geta tekið ábyrgð. Þá bendir viðgerðaraðili á að skv. reikningi sem álitsbeiðandi framvísaði vegna viðgerðarinnar, dags. 14. desember 2012, hafi viðgerðaraðili selt fyrri eiganda bifreiðarinnar pakkningu fyrir tímakedjustrekkjara, en ekki tímakedjustrekkjarann sjálfan. Að lokum gerir viðgerðaraðili athugasemd við að reikningur frá öðru verkstæði hafi fylgt álitsbeiðninni, enda sé hann málinu óviðkomandi.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör viðgerðaraðila**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör viðgerðaraðila kemur fram að álitsbeiðandi telji, þar sem viðgerðaraðila og seljanda virðist greina á um hvar tímakedjustrekkjari sá er settur var í vél bifreiðarinnar í desember 2012 var keyptur, þá verði þeir að leysa úr því máli sín á milli, en niðurstaða málsins geti ekki verið sú að álitsbeiðandi þurfi að bera kostnað af því að viðgerðin var ekki fullnægjandi. Þá tekur álitsbeiðandi fram að hann geri engar kröfur vegna þess reiknings sem stafaði frá öðru verkstæði og viðgerðaraðilinn gerði athugasemdir við. Að lokum tekur álitsbeiðandi fram að hann hafi ekki gert neinar kröfur á hendur seljanda vegna þess að bifreiðin var seld honum á misstórum hjólbörðum og því þyki honum sanngjarnt að hann þurfi ekki að bera kostnað af því að umrædd viðgerð, eða sá varahlutur sem skipt var um í viðgerðinni, sé haldin galla.

#### VI

##### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup og lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni. Andsvör hafa hins vegar borist frá Z sem framkvæmdi viðgerð á vél þeirrar bifreiðar sem deilt er um, að því er virðist í desember 2012.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina 00-xxx 16. febrúar 2013 fyrir kr. 940.000. Bifreiðin er árgerð 2002 og fyrsti skráningardagur hennar 3. mars 2005. Bifreiðin var því rúmlega 10 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 132.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 16. febrúar 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitseiddanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. En fram er komið að seljandi mun hafa sagt álitseiddanda að nýverið hafi verið gert við vél bifreiðarinnar. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að fátt bendir til þess að seljandi hafi vitað að viðgerðin á bifreiðinni, eða þeir varahlutir sem notast var við þegar viðgerðin var framkvæmd, væri haldin galla. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi átt sér stað í þessu tilliti og því ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitseiddandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir að stuttu eftir kaup var álitseiddandi var við að olía lak við tímareimarstrekjara. Orsök þess leka getur annaðhvort verið galli á viðgerðinni sjálfri, framkvæmdri af Z eða galli á varahlut sem skipt var um þegar viðgerðin var framkvæmd, en deilt er um hvort áður nefnt Z seldi fyrri eiganda bifreiðarinnar varahlutinn, eða hvort eða hvort fyrri eigandi bifreiðarinnar keypti hlutinn af öðrum aðila. Hvort heldur sem er telur kærunefndin að fullvíst sé að umræddur galli í vél bifreiðarinnar hafi verið til staðar við kaupin á bifreiðinni og að bifreiðin hafi því verið í mun verra ástandi en

álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, enda kom fram við kaupin að bifreiðin hefði nýverið undirgengist umrædda viðgerð og því mátti álitsbeiðandi búast við því að sú viðgerð hefði verið fullnægjandi.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist úrbóta og beint þeim kröfum sínum bæði að seljanda bifreiðarinnar og Z er framkvæmdi viðgerð á bifreiðinni í desember 2012. Kærunefndin telur, í ljósi þess að ekki er fullvíst m.v. fyrirbyggjandi gögn hvort sú viðgerð er síðarnefndi aðilinn framkvæmdi sé haldinn galla, að réttast sé að seljandi einn verði látinn bera ábyrgð á umræddum galla gagnvart álitsbeiðanda, en rétt er að benda á að ekki er útilokað að við það eignist seljandi endurkröfurétt á hendur Z eða öðrum aðila. Þar sem seljandi er ekki sérfræðingur í viðgerðum á bifreiðum væri honum hins vegar þungbært að þurfa að verða við kröfum álitsbeiðanda um að framkvæma úrbætur á bifreiðinni skv. 29. og 30. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 1. mgr. 31. gr. segir að ef ekki verði af úrbótum eða nýrri afhendingu skv. 29. og 30. gr. geti neytandi krafist afsláttar af kaupverði. Skal afsláttur metinn að álitum og er hann hæfilega metinn kr. 150.000.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 150.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir